



## Gagnsæi samtök gegn spillingu

kt. 701214-1450  
Gimli, Háskólatorgi  
101 Reykjavík  
Ísland

Reykjavík, 23.05.2016

### Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Nefndarsvið Alþingis

#### Varðar: Umsögn um þingsályktunartillögu um rannsókn á aflandsfélögum Íslendinga og skattaundanskotum 711. mál

Gagnsæi, samtök gegn spillingu taka undir þá meginkröfu að rannsókn fari fram á skattaskjólum og kortlagning á aðkomu Íslendinga og íslenskra félaga að þeim, í því skyni að skattayfirvöld geti hafið yfirferð og endurskoðun á skattframtölum þeirra aðila sem ganga undir nafninu “gervimaður útlönd”.

Eins og fram kemur í nýjasta tölublaði fréttablaðs ríkisskattstjóra að kerfið sem hafi verið byggt upp af fjármálafyrirtækjum með eða án viðeigandi ráðgjafa hafi reynst vera býsna umsvifamikil. “Allt er þetta með einum eða öðrum hætti spunnit með leyndina að leiðarljósi og þaðan er stutt í blekkingar til að hindra að sannleikurinn komi í ljós.” (Tíund Maí 2016, Leiðarinn Aflandsbælin)

Sérstök rannsóknarnefnd, skipuð fagmönnum á sviði skatta, fjármála og alþjóðlegra viðskipta telst auka sjálfstæði og trúverðugleika niðurstaðna en jafnframt telur stjórn Gagnsæis að slík rannsókn þyrfti að fara fram í náinni samvinnu við embætti ríkisskattstjóra, þar sem mesta sérfræðipækning á málefnum er til staðar. Auk þess má gera ráð fyrir því að ákveðin hagræðing fælist í aðkomu embættisins að þessari rannsókn, bæði er varðar fjármagn og tíma. Með þeim hætti myndi byggjast upp og viðhaldast frekari þekking og reynsla innan embættisins og samfella inn í störf rannsóknarhóps sem ætlað er að fari yfir og leggja mat á niðurstöðu rannsóknarinnar. Þá þarf að ganga úr skugga um að fullnægjandi rannsóknarheimildir til öflunar gagna séu til staðar.

Það er von Gagnsæis, að hafist verði handa hið fyrsta að vinna úr fyrirbyggjandi gögnum um skattaskjól og nýrra sé aflað. Almennur skattborgari á Íslandi þarf að geta treyst því að tekið sé á meintum skattsvikum af festu, einurð og með hraði, sem eykur traust almennings á eftirlitskerfi Ríkisins auk þess sem almennar upplýsingar og gagnsæi um slíkt, felur í sér ákveðin fælingaráhrif.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Gagnsæis, samtaka gegn spillingu  
Jenný Stefanía Jensdóttir